



**Atvinnumiðstöð  
Hafnarfjarðar**



---

# Stöðuskýrsla

---

**2014**

---

**Guðjón Árnason  
Laufey Brá Jónsdóttir**

## Upphafið

---

Upphaf Atvinnumiðstöðvar Hafnarfjarðar (AMH) má rekja til vormánaða 2010 þegar Hafnarfjarðarbær og Vinnumálastofnun (VMST), með aðild Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði, gerðu með sér samstarfs- og þjónustusamning um rekstur AMH.

Tilgangurinn var að efla þjónustu við hafnfirskum atvinnuleitendur og aðstoða þá við að verða á ný virkir þátttakendur á vinnumarkaði með þeim verkfærum sem VMST býr yfir.

## Starfsemin

---

Óhætt er að segja að opnun AMH hafi verið vel tekið af hafnfirskum atvinnuleitendum. Starfsemin hefur gengið afar vel frá upphafi, vaxið ár frá ári og ljóst að Hafnfirðingar hafa tekið því fegins hendi að geta sótt þessa þjónustu í sína heimabyggð.

Heimsóknir á Atvinnumiðstöðina hafa aukist jafnt og þétt frá upphafi og eru nú orðnar um 12.600 frá opnun (*mynd 1*). Heildarfjöldi afgreiðslna er þó allnokkuð mikið meiri (líklega vel rúmlega helmingi fleiri) þar sem töluvert er um að fólk fái aðstoð símleiðis eða með tölvupóstsamskiptum.

Heimsóknarfjöldi til okkar hefur haldist nokkuð jafn lengstum og minnkað hlutfallslega lítið miðað við fækkun atvinnulausra (*mynd 2*). Það styrkir ennfrekar þá staðreynd hvað Hafnfirðingum líkar vel við að hafa þessa þjónustu í sinni heimabyggð og eru duglegir að nýta sér hana.

Sú ánægja endurspegladist jafnframt vel í Gallup könnun Flóabandalagsins, sem gerð var síðla árs 2012, varðandi viðhorf félagsmanna í Hlíf, Eflingu og VSK (Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis) til ýmissa málefna. Þar kemur m.a. skýrt fram að almenn ánægja félagsmanna í Hlíf með þjónustu VMST er mun meiri en félagsmanna í hinum félögunum (*mynd 4*).

Þessi niðurstaða var sérlega ánægjuleg fyrir okkur, starfsfólk AMH, og sýndi okkur að eitthvað hljótum við að vera að gera rétt!

## Kynningarfundir

---

Strax frá upphafi var tekin sú ákvörðun að halda kynningarfundir fyrir nýskráða atvinnuleitendur hér í Hafnarfirði í stað þess að senda fólk til Reykjavíkur. Hefur það mælst afar vel fyrir og fólk ánægt að geta sótt þessa fundi hingað. Á þessum fundum eru margir að fá í fyrsta sinn upplýsingar um tilvist og starfsemi AMH og sækja í framhaldinu þjónustu til okkar, sem það hefði kannski ekki gert annars.

Alls hafa verið haldnir 100 slíkir fundir frá opnun (*mynd 1*). Á þessa fundi hafa mætt alls rúmlega 1.100 manns til að kynna því sem í boði er fyrir atvinnuleitendur sem og hvaða skyldur fylgja því að þiggja atvinnuleysisbætur. Kynningarfundunum, sem eru í höndum starfsmanna AMH, hefur fækkað frá því sem mest var, samhliða færri nýskráningum á atvinnuleysisráð en eru engu að síður mikilvægur þáttur í starfseminni. Fundirnir hafa verið haldnir í Bókasafni Hafnarfjarðar sem hefur lánað okkur fundaraðstöðu sína endurgjaldslaust og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

## Vinnumiðlun

---

Vinnumiðlun hefur frá upphafi verið einn stærsti þátturinn í starfsemi AMH og að mestu legið á herðum Guðjóns. Fyrirtækjum býðst aðstoð við að ráða starfsfólk með því að senda svokallaðar verkbeiðnir til VMST í gegnum heimasíðuna. Þeim er svo deilt á vinnumiðlara og fara allar slíkar beiðnir frá hafnfirskum fyrirtækum til okkar á AMH til úrvinnslu og frágangs og í framhaldinu eru sendar umsóknir úr gagnagrunni VMST til viðkomandi atvinnurekanda sem fer yfir umsóknir og boðar fólk í viðtöl.

Strax frá upphafi hefur verið talsvert um að hafnfirskir atvinnurekendur hafi leitað beint til starfsmanns AMH og óskað eftir aðstoð við leit að starfsfólki. Við því er auðvitað orðið þó að öðru leiti sé ferlið hið sama. Öll störf eru skráð í gagnagrunn VMST þó þau séu ekki öll auglýst á heimasíðu stofnunarinnar, en nokkuð er um

að atvinnurekendur biðji sérstaklega um að það sé ekki gert. Þannig eru þau öll skráð í tölfræðigrunn stofnunarinnar. Þetta hefur leitt af sér afar gott samband við atvinnurekendur sem sumir hverjir hafa leitað margoft til okkar. Allir hafa þeir lýst yfir mikilli ánægju með að geta átt þessi beinu og milliliðalaus samskipti við vinnumiðlara í sínum heimabæ.

Skráð störf frá upphafi (verkbeiðnir) eru nú orðin alls 510 með samtals um 900 stöðugildum (*mynd 1*). Umsóknir sem sendar hafa verið atvinnurekendum beint úr gagnagrunni VMST eru orðnar alls 3.000.

Vinnumiðlunin hefur frá upphafi gengið vel og nú hafa 263 atvinnuleitendur verið ráðnir í vinnu til lengri eða skemmri tíma í störf sem skráð eru af AMH, oftar en ekki í framtíðarstörf (*mynd 1*). Í nánast öllum tilfellum er um Hafnfirðinga að ræða sem ráðnir eru enda er reynt eftir fremsta megni að senda aðeins umsóknir frá hafnfirskum atvinnuleitendum til hafnfirskra atvinnurekenda.

Þessi árangur er staðfestur í áðurnefndri Gallup könnun þar sem fram kemur að hlutfall atvinnulausra félagsmanna í Hlíf er mun minna en félagsmanna í Eflingu og VSFK (*mynd 3*). Sá munur er umtalsverður og verður varla skýrður á annan hátt en með starfsemi AMH og hinu góða sambandi miðstöðvarinnar við hafnfirskra atvinnurekendur og atvinnuleitendur.

Frá opnun hafa verið samþykktir alls 139 samningar um atvinnutengd úrræði, þ.e. starfsþjálfun, reynsluráðning eða sérstök átaksverkefni (*mynd 1*).

Samþykktir samningar leiða þó ekki endilega alltaf til ráðningar. Alltaf er eitthvað um að fyrirtæki hætti við verkefni eða fresti um óákveðinn tíma. Að auki nýta fyrirtæki ekki alltaf þann fjölda ráðninga sem samþykktur er, þ.e. ráða færri í verkefnið en heimilað var. Ráðningar í gegnum þessi úrræði hafa verið alls 126 frá upphafi.

## Náms- og starfsráðgjöf

---

Frá upphafi höfum við verið í afar góðu sambandi við náms- og starfsráðgjafa VMST sem hafa verið boðnir og búnir að aðstoða okkur á allan þann hátt sem við þurfum, eins og reyndar allt starfsfólk VMST. Strax frá byrjun voru hjá okkur námsráðgjafar á vegum Vinnumálastofnunar tvo morgna í viku. Sú þjónusta hefur mælst afar vel fyrir og heimsóknum til ráðgjafanna fjölgað jafnt og þétt, allt frá upphafi. Í ljósi þess var viðvera ráðgjafanna lengd mjög fljótlega og enn frekar á síðasta ári. Á þessu ári var svo en bætt við í tengslum við Áfram/Stígs verkefnið og nú er 1-2 ráðgjafar hjá okkur 4 daga í viku. Og eins og með aðra þjónustu hjá okkur, þá eru hafnfirskir atvinnuleitendur hæstánægðir að geta sótt þessa þjónustu í sínum heimabæ. Námsráðgjafar hafa á þessu ári farið í markvissa vinnu við að boða til sín reglulega hafnfirskra atvinnuleitendur til að fara yfir atvinnuleitina og taka stöðuna á t.d. almennri líðan og fleiri þáttum. Það hefur t.d. leitt til þess að heimsóknum til okkar hefur fjölgað nokkuð frá fyrra ári.

## Námskeið

---

Fljótlega eftir opnun AMH var farið að huga að virkniúrræði fyrir yngstu atvinnuleitendurna til að aðstoða þau við að fóta sig að nýju á vinnumarkaði. Í framhaldi af því varð til virkninámskeiðið „**Súrefni**“ á vegum ÍTH. Það var unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun, Félagsþjónustu Hafnarfjarðar og Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar.

Alls hafa verið haldin 21 Súrefnisnámskeið með alls 260 þátttakendum. Árangur þessa námskeiðs er ótvíræður eins og sjá má á þeim fjölda þátttakenda, alls 119, sem fer í nám eða vinnu að loknu námskeiði (*mynd 1*).

Það sem er einstakt við þessi námskeið er þverfagleg samvinna Félagsþjónustunnar, Vinnumálastofnunar og AMH í einstaklingsmiðaðri þjónustu fyrir unga Hafnfirðinga. Námskeiðið hefur fallið vel í kramið hjá unga fólkinu sem hefur verið afar áhugasamt og virkt í þátttöku sinni á því. Þessi námskeið hafa frá upphafi verið fyrir bæði atvinnuleitendur sem fá atvinnuleysisbætur frá VMST og þá sem fá framfærslustyrk frá sveitarfélaginu.

Frá árinu 2011 hefur einnig verið haldinn fjöldi námskeiða í bænum sérstaklega fyrir eldri, hafnfirskra atvinnuleitendur.

Annar vegar er um að ræða 4 vikna virkinnámskeið fyrir 30 ára og eldri, „Nýttu reynsluna“ í samstarfi við Námsflokka Hafnarfjarðar, sem haldin hafa verið 10 sinnum, og hins vegar „Starfsleitarnámskeið“, tveggja morgna námskeið um gerð ferilskrár og aðferðir við atvinnuleit, sem haldin hafa verið 58 sinnum. Alls hafa 690 atvinnuleitendur sótt þessi námskeið frá byrjun (*mynd 1*).

Mikil ánægja hefur ríkt meðal hafnfirskra atvinnuleitenda með að geta sótt þessi námskeið hér í Hafnarfirði, en bæði námskeiðin hafa verið haldin í gamla Lækjarskólanum, Menntasetrinu við Lækinn.

## Atvinnutorg

---

Atvinnutorgið var opnað í mars 2012. Það var nýtt samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar, Vinnumálastofnunar og Velferðarráðuneytisins en því er ætlað að veita atvinnuleitandi ungmennum ráðgjöf og stuðning til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Áherslan frá upphafi hefur verið á starfsþjálfun ungmenna sem þiggja framfærslustyrk hjá Hafnarfjarðarbæ en verkefnið er ætlað ungmennum 16-18 ára sem eiga engan bótarétt og ungmennum sem lengi hafa verið á atvinnuleysisbótum og eru að nálgast það að fullnýta bótarétt sinn. Boðið hefur verið upp á 50% starf (starfskynningu) í hálf ári og greiðir Hafnarfjarðarbær laun fyrir viðkomandi ungmenni.

Þetta verkefni hefur verið á forræði Laufeyjar Bráar en einnig var ráðinn starfsmaður sem sinnir þessu verkefni með henni. Sá starfsmaður er sameiginlegur fyrir Hafnarfjörð og Kópavog og er hjá okkur tvo daga í viku. Sá starfsmaður hefur einnig nýst okkur vel í almennri ráðgjöf þegar mikið er að gera.

Verkefnið hefur gengið vel það sem af er og þegar þetta er skrifað hafa 320 einstaklingar farið í gegnum verkefnið, þ.e. í viðtöl, námskeið og vinnumiðlun og er árangurinn hingað til mjög góður (*mynd 1*). En af þessum 320 hafa 152 þegar farið í vinnu eða nám og 19 í önnur úrræði (starfsendurhæfing, örorka, meðferð, fæðingarorlof). Aðrir eru enn í viðtalsferli eða á námskeiði. Súrefnisnámskeiðið sem áður er getið er notað í þessu verkefni sem eitt af úrræðunum fyrir unga fólk á leið þess út á vinnumarkað.

## Samstarf við Félagsþjónustuna

---

Frá upphafi hefur verið afar gott samstarf við Félagsþjónustuna í Hafnarfirði varðandi þeirra skjólstæðinga sem eru án bótaréttar og eiga þar af leiðandi ekki rétt á þeim fjölmörgu úrræðum sem í boði eru fyrir atvinnuleitendur með bótarétt. Það er óneitanlega gott og hentugt að hafa þessa nálægð sem skapast við það að hafa þjónustustöð VMST í bænum og geta þannig átt meiri og persónulegri samskipti við bæði ráðgjafa Félagsþjónustunnar og þeirra skjólstæðinga sem að öllu jöfnu hafa ekki átt kost á þjónustu sem þessari áður.

Þannig hafa, eins og áður hefur komið fram, allmargir skjólstæðingar Félagsþjónustunnar farið á námskeiðið „Súrefni“.

Þá hefur Félagsþjónustan vísað til okkar sínum skjólstæðingum í leit að atvinnu og höfum við kappkostað að veita þeim sömu þjónustu og atvinnuleitendum, t.d. aðstoðað við ferilskrágerð o.fl. Við höfum sent umsóknir þeirra til atvinnurekenda, vísað þeim á laus störf og leiðbeint á ýmsan máta varðandi það að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Hafa allnokkrir þeirra fengið vinnu til lengri eða skemmri tíma og er það sammerkt með öllu þessu fólk hversu afar þakklát það er að eiga kost á þessari aðstöð.

Á árinu 2014 hefur stór hluti starfseminnar snúist um innleiðingu á Áfram verkefninu. Forsögu þess má rekja til upphaf ársins þegar sett var á laggirnar verkefnið „Stigur“, sem var, og er, samstarfsverkefni VMST og sveitarfélaganna um aðstoð (aðallega í formi vinnumiðlunar) við þá sem hafa fullnýtt, eða eiga ekki, bótarétt og hafa leitað til Félagsþjónustunnar um framfærslustyrk. Það verkefni hefur gengið afar vel og er að nálgast það stig að vera nánast hnökralaust.

## Atvinna með stuðningi (AMS)

---

AMS er árangursrík leið í atvinnumálum fyrir þá er þurfa aðstoð við að fá vinnu á almennum vinnumarkaði en þurfa, vegna skertrar vinnugetu, stuðning til þess. Aðstoðin nær allt frá því að finna rétta starfið þar sem færni einstaklingsins er höfð að leiðarljósi en ekki fötlunin, og til þess að veita stuðning á vinnustað og aðstoð við tengslamyndun þar.

Í mars 2011 var opnað útibú AMS á vegum Vinnumálastofnunar hér hjá okkur í Atvinnumiðstöðinni og til starfans ráðin Ingibjörg Margrét Ísaksdóttir.

Verkefnið hefur gengið mjög vel og í dag eru 42 einstaklingar sem eiga lögheimili í Hafnarfirði starfandi á almennum vinnumarkaði á vegum AMS.

12 einstaklingar starfa í fyrirtækjum á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

9 einstaklingar eru á biðlista, 4 atvinnulausir en 5 sem vilja breyta um starf.

## Hvað næst?

---

Það er ljóst að þrátt fyrir að atvinnuástand fari hægt batnandi þá er enn þörf fyrir þá þjónustu sem AMH veitir Hafnfirðingum. Atvinnuleysi telst enn vera mikið og þá er þjónusta við atvinnuleitendur á framfærslustyrk Félagsþjónustunnar orðinn nokkuð stór þáttur í starfseminni. Verði starfsemin áfram til staðar verður að sjálfsögðu áframhald á allri þeirri þjónustu sem atvinnuleitendum hefur verið boðið uppá og haldið áfram að bæta hana ennfrekar. Sú tölfræði sem fylgir skýrslunni sýnir ótvíræðan árangur af starfseminni og engin ástæða til að halda annað en að áframhaldandi árangur náist á næsta ári.

Hinn góða árangur af Áfram verkefninu má að stórum hluta þakka gríðargóðu samstarfi AMH, Félagsþjónustunnar og Vinnumálastofnunar. Allir sem að verkefninu hafa komið hafa stigið í fullkomnum takti til að ná góðum árangri þar sem hagsmunir skjólstæðinga hafa ráðið för. Ef framhald verður á starfsemi AMH mun miðstöðin væntanlega verða áfram ákveðinn miðpunktur í því verkefni og halda utan um störf og ráðningar því tengdu. Sú þekking og reynslan sem myndast hefur í AMH mun verða nýtt til að tryggja velgengni þessa verkefnis áfram og tryggja að framkvæmd þess verði eins góð og mögulegt er.

Þá gæti hið góða samband AMH við atvinnurekendur í Hafnarfirði nýst vel við að skapa störf á almennum markaði fyrir þennan hóp og fjölga þannig starfstengdum úrræðum sem þessum hópi mun standa til boða. Munum við kappkosta að ná sambandi við sem flesta atvinnurekendur í bænum og kynna þeim átakið og hvetja þá til að taka þátt í þessu þarfa verkefni.

## Lokaorð

---

Þegar starfsemi AMH ber á góma hjá okkur starfsmönnun er alltaf eitt sem stendur hæst upp úr. En það er það mikla þakklæti sem við finnum fyrir nánast daglega frá hafnfirskum atvinnuleitendum fyrir það að geta sótt þessa þjónustu í sínum heimabæ. Þörfin fyrir þjónustu sem þessa er svo sannarlega til staðar, því miður.

Það var ánægjulegt að sjá niðurstöður áður nefndrar Gallup könnunar á viðhorfi félagsmanna Flóabandalagsins til ýmissa málefna. Þessar niðurstöður styrkja okkur og hvetja til áframhaldandi góðrar þjónustu. Könnunina í heild má sjá á þessari vefslóð á heimasíðu Hlífar, [www.hlif.is/images/stories/gallupkonnun\\_2012.pdf](http://www.hlif.is/images/stories/gallupkonnun_2012.pdf)

Samstarf við þjónustumiðstöð Vinnumálastofnunar í Reykjavík, sem og Greiðslustofu á Skagaströnd hefur frá upphafi verið með miklum ágætum og ávallt hefur tekist að leysa úr þeim málum sem upp hafa komið og krafist hafa samráðs við þær stofnanir. Aðkoma VMST að starfseminni er okkur afar mikilvægur og tryggir að hægt er að halda úti fullri þjónustu við hafnfirska atvinnuleitendur.

Áður hefur verið nefnt hið frábæra samstarf við Félagsþjónustuna í Hafnarfirði. Þar er mikilvægasti þátturinn sá hvað allar leiðir milli starfsmanna eru stuttar og aðgengi auðvelt milli starfsmanna.

Það er von okkar að starfsemi AMH sé komin til að vera meðan ástand á vinnumarkaði er með þeim hætti sem nú er. Við höfum svo sannarlega fundið fyrir þörfinni á slíkri þjónustu og upplifað mikla ánægju fólks með hana. Þetta getur verið afar krefjandi starf en að sama skapi afskaplega gefandi.

En auðvitað er æðsta óskin þó alltaf sú að þjónusta sem þessi verði með öllu óþörf fyrir en síðar!

Hafnarfirði, september 2014

Guðjón Árnason  
Laufey Brá Jónsdóttir



**Mynd 1 – ýmis tölfræði yfir starfsemi Atvinnumiðstöðvar Hafnarfjarðar**

**Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar**

-ýmis tölfræði

	Alls	2014	2013	2012	2011	2010
		jan-ágú	jan-des	jan-des	jan-des	maí-des
<b>Heimsóknir</b>	<b>12.600</b>	1.900	2.900	2.800	3.300	1.700
<b>Kynningarfundir</b>	<b>1.141</b>	155	226	137	407	216
-fj. funda	100	15	16	10	40	19
<b>Verkbeiðnir</b>	<b>510</b>	52	89	139	142	88
-beint til AMH	266	33	48	70	72	43
-fjöldi starfa	877	66	145	254	262	150
-sendar umsóknir	3.004	330	620	770	840	444
-ráðningar	263	18	49	81	62	53
-átök/starfsþj. samn.	139	8	52	36	30	13
-ráðningar	126	4	32	41	31	18
<b>Námskeið</b>	<b>950</b>	135	212	323	248	32
-Starfsleit	512	85	128	174	125	
-fjöldi námskeiða	58	8	15	21	14	
-Nýttu reynsluna	178			99	79	
-fj. námskeiða	10			6	4	
-Súrefni	260	50	84	50	44	32
-fjöldi námskeiða	21	3	5	5	5	3
-fóru í vinnu	86		25	23	25	13
-fóru í nám	33		6	8	12	7
<b>Atvinnutorg</b>	<b>320</b>	100	121	99		
-fóru í vinnu	90	28	39	23		
-fóru í nám	17	4	5	8		
-annað	19		12	7		
-starfsþj. samn.	45	12	19	14		
-enn í þjónustu		19	46	47		



**Mynd 2 – samanburður á aðstókn og fjölda á atvinnuleysisskrá**





**Mynd 3 – Gallup könnun (frá 2012)**

**Sp. 4. Hefur þú verið atvinnulaus mánuð eða lengur einhvern tíma á sl. tveimur árum?**



**Mynd 4 – Gallup könnun (frá 2012)**

**Sp. 10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Vinnumálastofnunar?**

	Fjöldi	%	+/-
Mjög ánægð(ur) (5)	37	15,4	4,5
Frekar ánægð(ur) (4)	87	35,9	6,0
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	85	34,8	6,0
Frekar óánægð(ur) (2)	22	8,9	3,6
Mjög óánægð(ur) (1)	12	5,0	2,7
Ánægð(ur)	125	51,3	6,3
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	85	34,8	6,0
Óánægð(ur)	34	13,9	4,4
Fjöldi svara	243	100,0	
Tóku aðstöðu	243	86,9	
Hef ekki verið í samskiptum við Vinnumálastofnun	20	7,1	
Tóku ekki aðstöðu	17	6,0	
Fjöldi aðspurðra	280	100,0	
Spurðir	280	23,7	
Ekki spurðir	903	76,3	
Fjöldi svarenda	1.183	100,0	
Meðaltal (1-5)	3,5		
Vikmörk ±	0,1		

Þeir sem eru atvinnulausir (sp.1) eða hafa verið það á sl. 2 árum (sp.4) voru spurðir þessarar spurningar.

